

Fjarðalax hf.
Strandgötu 43
460 Tálknafjörður

Reykjavík, 13. janúar 2020
UST201901-295/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit, 14.10. 2019, hjá Fjarðalax, Patreks- og Tálknafirði.

Þann 14. október sl. fór fram eftirlit í Fjarðalax, Patreksfirði og Tálknafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en eitt nýtt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun unna á grundvelli áhættumats. Slíkt áhættumat var ekki til staðar. Áhættumat barst 27. desember sl.

Brugðist hefur verið við því fráviki sem kom fram við eftirlitið og telst því lokið. Rekstraraðili hefur einnig brugðist við ábendingum, drög að vöktunaráætlun hafa borist og kvíahringir sem voru í geymslu verið fjarlægðir.

Enn er opið frávik vegna umgengni á athafnasvæði rekstraraðila á flugbrautinni við Sandodda frá því í sumar. Umhverfisstofnun óskar eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna þessa og er frestur veittur til að skila áætluninni til 20. janúar nk.

Virðingarfyllst


Hulda Soffia Jónasdóttir
sérfræðingur


Sigriður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Fjarðalax ehf	Dags. eftirlits: 14. og 15.10.19	Staðsetning stöðvar: Patreks- og Tálknafirði	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 1
Kennitala rekstraraðila: 641109-1770	Gildistími starfsleyfis: 28.08.35	Kvittun afhend: Já	Gerð stöðvar: Sjókvíældi, 10.700 tonn af laxi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Slátrað og afföll 2018 2986 tonn.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			<p>Nýtt leyfi var gefið út í kjölfar úrskurðar haust 2018 um ógildingu 10.700 tonna leyfis sem var gefið út í desember 2017. Undanþága, sem var í gildi frá ógildingu (október 2018) að útgáfu nýs leyfis, var gefin út fyrir að hámarki 3400 tonna eldi. Einnig bar rekstraraðila að fylgia öðrum starfsleyfisskilyrðum ógilds starfsleyfis á meðan undanþágan væri í gildi.</p> <p>Rekstraraðili áætlaðar að breyta staðsetningu eldissvæða og snúa m.t.t. strauma, búið er að senda inn matskyldufyrirspurn til Skipulagstofnunar.</p> <p>Nýr fóðurprammi er á (Þúfn)Eyri og til stendur að fóðurprammar komi einnig á önnur eldissvæði.</p>
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Fishtalk heldur utan um fóðrun, afföll og lífmassa. Aðrar skráningar einnig góðar.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	X			Skilað inn í GB og vöktunarskýrslu sem bárust 30. apríl.
Grænu bókhaldi og útstremisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			GB skilað 30.apríl, útstremisbókhaldi skilað í febrúar.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlunar		X		Viðbragðsáætlun v. bráðamengunar hafs og stranda skal skv. lögum 33/2004 byggja á áhættumati. Ekki

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi**

aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				<p>lá fyrir áhættumat vegna bráðamengunar þegar eftirlitið fór fram. Eftirlitsaðili fór fram á að það yrði gert og frekari viðbragðsáætlun gerð ef áhættumatið kallaði á. Til staðar var viðbragsáætlun v. olíumengunar.</p> <p>Áhættumat barst 27.12.19 og frávikinu því lokað.</p> <p>Tilkynning v. mengunaróhappa er í samræmi við leiðb. eftirlitsaðila</p>
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Nýtt skírteini er komið, gildir til 31.12.20.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Eftirlitsaðili benti á nokkra hluti sem betur mættu fara í verkferlum vegna meðhöndlunar dauðfisks og neyðaráætlun rekstraraðila vegna rekstrarstöðvunar. Uppfærðum verkferlum/áætlunum var skilað í eftirliti.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			<p>Umhverfismarkmið og stefna í gæðahandbók. Unnið eftir ASC allstaðar, en vottunin á bara við Haganes og Steinanes (Arnar lax)</p> <p>Vottunarferli f. Eyri áætlað að hefjist í febrúar.</p> <p>Rekstraraðila var bent á að gott væri að setja sér mælanleg markmið</p>
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Handstýrð myndavéla fóðrun frá Bíldudal þar sem eru fóðurprammer, annars vinnubátar sem blása í kvíar.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?		X		Skráð í GB en ekki reiknað í kg/framleitt tonn. Útreikningar frá fóðurnotkun.
Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?				Eftirlitsaðili óskar eftir því að losunin í kg/tonn verði framvegis hluti ársyfirlits.

Eftirlit með fiskeldisstöð

Kvíældi

Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með?	X			<p>Myndavélar og kafarar skoða þegar nætur eru skoðaðar.</p> <p>Til stóð að gefa lúsalýf í fóðri á eldissvæðum í Patreks- og Tálknafirði vegna laxalúsar.</p> <p>Farið var í skoðunarferð út í Eyri. Fylgst var með svæðinu í Laugardal í myndavéllum frá höfuðstöðum á Bíldudal.</p> <p>Fugl var ekki sjáanlegur og ekki vart við mikinn þörungablöma.</p>
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?	X			Í lagi.
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?	X			<p>Fiskur í var í 7 kvíum í Eyri, um 5 kg í þremur þeirra. Minni fiskur í hinum fjórum. Lífmassi í lok sept 2019 3000 tonn.</p> <p>Lífmassi í Laugardal í sept 2019 tæp 500 tonn. Meðalþyngd 386 g, 200-620 g meðalþyngd eftir kvíum. 10 kvíar í lok sept. Sett út í Laugardal í 2 kvíar í viðbót meðalþyngd 90 g og 106 g.</p>
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?	X			<p>Engin slátrun áætluð 2019.</p> <p>Áætlað að byrja að slátra upp í vor úr Eyri, slátrað fram á haust.</p> <p>Slátrun í Laugardal byrjar í fyrsta lagi vetur 2020, kannski seinna.</p>
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka?	X	X		<p>Skv. vöktunarskýrslum vegna 2018 voru engin sjósýni tekin við Eyri við grunnsýnatöku til viðmiðunar en fram kemur að sjósýni voru tekin við Laugardal í apríl 2018.</p> <p>Mæligildi heildarfosfórs og heildarköfnunarefnis voru undir greiningarmörkum, < 0,05 mg P/L og < 0,5 mg N/L.</p> <p>Fram kemur í vöktunaráætlun að tekin verði sjósýni á hverju eldissvæði þegar lífmassi er í hámarki.</p>
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við	X			Samningur er við Klofning v. dauðfisks þar sem ekki eru

Eftirlit með fiskeldisstöð

Kvíældi

starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?				meltutankar. Hordafor Arctic Protein tekur úr meltutönkum. Eftirlitsaðili bendir á að uppfæra skal verkferla m.t.t. meðhöndlunar dauðfisks eftir því sem við á, þar sem unnið er í því að koma fóðurprömmum á eldissvæðin og dauðfisk í meltutanka um borð í þeim í stað þess að fara með þá í land.	
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Kopar var vaktaður við Eyri, þar sem litaðar kvíar voru notaðar í leyfisleysi. Vöktun er að mestu í samræmi við vöktunaráætlun og starfsleyfi. Upp á vantaði við grunnsýnatöku við Eyri að hún uppfyllti skilyrði NS 9410 þar sem staðallinn kveður á um að í grunnsýnatöku skuli gerð bæði MOM-B og MOM-C ásamt frekari mælingum. Umhverfisstofnun barst einungis MOM-C skýrsla. MOM-B skýrsla barst 6.1.2020.	
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Skilað í ársskýrslu vöktunar sem og skýrslum vegna sýnatöku á Eyri í maí 2018. Niðurstöðum rykmælinga á föðri hefur ekki verið skilað.	
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.	
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Hámark lífmassa Eyri í vor, svo næst eftir hvíld, bæði MOM-C. Hámark lífmassa Laugardal, í fyrsta lagi haust/vetur 2020. Akva Plan Niva .	

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Ágúst 2019: Eitt frávik kom fram er varðar meðhöndlun úrgangs og umgengni á athafnasvæði á vegum Arnarlax (Fjarðalax) og Arctic Sea Farm í Sandodda, Patreksfirði.

2018: Fjögur ný frávik komu fram við eftirlitið, er varða koparlitaðar nætur, skil ársskýrslu, græns bókhalds og útstreymisbókhalds. Fjórar ábendingar voru gerðar.

Samantekt:	Enn er opið frávik vegna umgengni á athafnasvæði rekstraraðila á flugbrautinni við Sandodda frá því í sumar. Eftirlitsaðili og fulltrúi rekstraraðila fóru aftur á svæðið í þessari heimsókn og skoðuðu aðstæður og framvindu. Greinilegt var
-------------------	---

Eftirlit með fiskeldisstöð

Kvíældi

	<p>að mikið verk var óunnið og óskar eftirlitsaðili eftir uppfærslu á tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviksins.</p> <p>Frekari kvörtun barst í desember vegna umgengni annars verktaka á svæðinu á vegum Arnarlax.</p> <p>Í eftirlitisheimsókninni var farið út að Þúfneyri og aðstæður og nýr fóðurprammi, sem þar er staðsettur, skoðaður. Fylgst var með hleðslu fóðurs á prammann af fóðurbát. Aðstæður við Laugardal voru skoðaðar í myndavélakerfi höfuðstöðva í Bíldudal. Farið var yfir skráningar, skil á gögnum og vöktun.</p> <p>Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda hefur borist stofnuninni.</p> <p>Ábending er gerð þess efnis að skráning á fosfór skal koma fram í ársyfirliti á forminu kg/ tonn.</p>
Annað:	<p>Eftirlitsaðili bendir á að vöktunaráætlun skal m.a. taka mið af gæðapáttum í strandsjó, sambykktum af Umhverfisstofnun og Hafrannsóknastofnun, sem og öðrum leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Stofnunin óskar því eftir að áætlunin verði uppfærð í samræmi við leiðbeiningar eftirlitsaðila. Drög að vöktunaráætlun bárust 9. jan sl.</p> <p>Við eftirlitsheimsókn til annars rekstraraðila í Tálknafirði í nóvember kom í ljós að kvíahringir voru undir Breiðafjalli á vegum Fjarðalax. Við keyrslu út í Sandodda sáust einnig kvíahringir sem hafa verið geymdir í Patreksfirði innan við Geirseyrarmúla í einhvær tíma. Eftirlitsaðili óskar eftir því að þessar kvíar verði fjarlægðar sem allra fyrst. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila þann 10. jan sl. hafa kvíahringirnir verið fjarlægðir.</p> <p>Í eftirlitinu var kynnt fyrir rekstraraðila hvernig ákvörðun tíðni eftirlita framvegis mun byggja á áhættumati Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 550/2018 sem og kynntar breytingar á lögum nr. 7/1998 m.t.t. græns bókhalds/umhverfisupplýsinga.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns:

Hulda S. Þórasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjarðalax ehf. Patreksfjörður og Tálknafjörður



Dags eftirlits	14.10.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffia Jónasdóttir
Fyrirtæki	Fjarðalax ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Eyrargötu 1, Patreksfirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	641109-1770	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Enn er opið frávik vegna umgengni á athafnasvæði rekstraraðila á flugbrautinni við Sandodda frá því í sumar. Eitt nýtt frávik kom fram við eftirlitið er varðar áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda. Þrjár ábendingar eru gerðar er varða skráningar á losun fosfórs, uppfærslu vöktunaráætlunar sem og umgengni.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun með vísan í 57. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá

Gr. 2.5 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun unna á grundvelli áhætumats. Slíkt áhættumat var ekki til staðar. Áhættumat barst 27. desember sl. og frávíkinu telst því lokið.

ÁBENDINGAR

Ábending er gerð þess efnis að skráning á fosfór skal koma fram í ársyfirliti á forminu kg/ tonn.

Eftirlitsaðili bendir á að vöktunaráætlun skal m.a. taka mið af gæðapáttum í strandsjó, samþykktum af Umhverfisstofnun og Hafrannsóknastofnun, sem og öðrum leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Stofnunin óskar því eftir að áætlunin verði uppfærð í samræmi við leiðbeiningar eftirlitsaðila. Drög að uppfærðri eftirlitsáætlun bárust 9. jan sl.

Við keyrslu út í Sandodda í sáust kvíahringir sem hafa verið geymdir í Patreksfirði innan við Geirseyrarmúla í einhvern tíma. Við eftirlitsheimsókn til annars rekstraraðila í Tálknafirði í nóvember komu einnig í ljós að kvíahringir sem ekki eru í notkun voru undir Breiðafjalli á vegum Fjarðalax. Eftirlitsaðili óskar eftir því að þessar kvíar verði fjarlægðar sem allra fyrst. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila þann 10. jan sl. hafa kvíahringirnir verið fjarlægðir.


ANNAÐ

Eftirlitsaðili óskar eftir uppfærslu á tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviks sem kom fram í sumar og varðar umgengni á athafnasvæði á vegum Arnarlax og Arctic Sea Farm í Sandodda, Patreksfirði.

Í eftirlitini var kynnt fyrir rekstraraðila hvernig ákvörðun tilnærði eftirlita framvegis mun byggja á áhættumati Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 550/2018, sem og kynntar breytingar á lögum nr7/1998 m.t.t. græns bókhalds/umhverfisupplýsinga.

Einnig minnir Umhverfisstofnun á að rekstraraðila ber að tilkynna stofnuninni með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara áður en seiði eru sett út í kvíar sem og tilkynna ef kvíar eru fluttar til á eldissvæðinu.

Reykjavík, 13.01.2020


Hulda S. Jónasdóttir
Hulda Soffía Jónasdóttir

bls. 4

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuvermdar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.